



Alþingi
Erindi nr. P 135/1613
komudagur 28.2.2008

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 27. febrúar 2008

Efni: umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um siðareglur opinberra starfsmanna, 317. mál.

Með bréfi dags. 12. febrúar 2008 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, bann við kaupum á kynlífsþjónustu ofl. í vinnuferðum.


Jafnréttisstofa vonar að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga því það er mikilvægt að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi setji siðareglur fyrir starfsfólk sitt er banna kaup á kynlífsþjónustu/bann við að þiggja kynferðislega greiða í vinnuferðum, en slíkt bann er í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs frá 2003 gegn vændi og mansali, sem vitnað er í í greinargerð með tillögunni. Með því að setja siðareglur sem þessar er sett fram afdráttarlaus afstaða íslenska ríkisins og með því tekur ríkið sem vinnuveitandi skýra afstöðu gegn mansali og kynlífsþjónustu, sem hefur á undanförunum misserum orðið aukið áhyggjuefni á alþjóðavettvangi.

Jafnréttisstofa telur íslenska ríkinu rétt og skylt, og í samræmi við anda jafnréttislaga, stjórnarskrá og ekki síst í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, að siðareglur sem banni kaup á kynlífsþjónustu verði settar hér á landi eins og gert hefur verið í Noregi og sem Svíar hafa sett um starfsfólk í utanríkisþjónustu.

Þingsályktunartillaga þessi er um sjálfsagt réttlætis- og mannréttindamál, en eins og þekkt er og vísað er til í greinargerðinni eru það einkum konur og börn er verða svokölluðum kynlífsiðnaði að bráð. Yfirlýsingin sem felst í því að setja siðareglur eins og lagt er til er til þess fallin að stuðla að minnkaðri eftirspurn, þar sem í slíkri yfirlýsingu felst að ákveðnum siðferðisstöðlum er haldið á lofti. Setji ríkið siðareglur sem banna kaup á kynlífsþjónustu getur í því falist hvatning til vinnuveitenda á hinum almenna vinnumarkaði að setja sambærilegar reglur.

Jafnréttisstofa vonar að tillaga þessi nái fram að ganga og telur að setning siðareglna fyrir opinbera starfsmenn eins og lagt er til í ályktuninni sé gott skref í baráttunni gegn mansali og fyrir mannhelgi.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elfasdóttir lögfræðingur